

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
60. fundur.

Priðjudaginn 25. nóvember 2008 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar að Húnavöllum. kl. 11.00. Björn Magnússon setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leiti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Umræða um gjaldskrár, styrki og launakjör nefnda.
2. Útsvarsprósenta ársins 2009.
3. Fjárhagsáætlun ársins 2009 (fyrri umræða)
4. Fundargerðir:
 - a) Stjórnar BMA (Byggðasaml. um menningar og atvinnumál í A-Hún.) dags. 8. júlí 2008.
 - b) Stjórnar BMA dags. 31. júlí 2008.
 - c) Stjórnar BMA dags. 3. október 2008.
 - d) Stjórnar BMA dags. 21. október 2008.
 - e) Stjórnar Tónlistarskóla A-Hún dags. 11. nóv. 2008.
5. Bréf.
 - a) Frá Landgræðslu ríkisins dags. 11. nóv. 2008.
6. Önnur mál

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 11.00

1. Umræða um gjaldskrár, styrki og launakjör nefnda.

Eftirfarandi var samþykkt:

Laun nefnda, oddvita og fjallskilastjóra verða óbreytt frá fyrra ári.

Heimgreiðslur falla niður.

Greiðslur vegna ristarhliða verða óbreyttar.

Akstursstyrkir verða óbreyttir.

Álagningaprósenta fasteignaskatts verða óbreyttar frá fyrra ári. Fasteignaskattur A 0,36% og fasteignaskattur C 1,65%. Reglur um afslátt af fasteignagjöldum verða sömu og áður.

Sorpeyðingar- og sorphirðugjöld verða hækkuð í samræmi við verðlagsþróun.

Gjaldskrá 2009 er sem hér greinir:

Sorphirðugjald á íbúðir, lögbýli, íbúðarhús: kr. 6.250

Sorpeyðingargjald á íbúðir, lögbýli, íbúðarhús: kr. 3.750

Sorpeyðingargjald á sumarhús kr. 2.500

Sorpeyðingargjald á fyrirtæki:

Flokkur 1. kr. 7.500

Flokkur 2. kr. 27.500

Flokkur 3. kr. 53.750

Flokkur 4. kr. 92.500

Flokkur 5. kr. 131.250

Hreppsnefnd raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi þeirra.

Ofanrituð gjaldskrá var samþykkt af hreppsnefnd og verður send heilbrigðisnefnd til umsagnar.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
60. fundur.

2. Útsvarsprósenta ársins 2009.

Oddviti lagði fram tillögu um það að útsvarsprósenta ársins 2009, verði óbreytt frá fyrra ári, eða 13.03%

Tillagan var samþykkt samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun ársins 2009 (fyrrri umræða)

Þann 18. nóv. s.l var haldinn vinnufundur vegna fjárhagsáætlunar 2009. Á þeim fundi var farið yfir helstu tekju- og kostnaðarliði og unnin drög að fjárhagsáætlun 2009, sem liggja fyrir fundinum.

Porkell Ingimarsson og Ægir Sigurgeirsson mættu til fundar undir þessum lið. Porkell kynnti lista varðandi æskilegar framkvæmdir við skólann.

Forgangsmál eru:

- Öryggishellur við leiktæki.
- Málning íþróttasalar.
- Endurnýjun glugga á suðvesturhlið skólans.

Farið var yfir rekstrarliði og fjárfestingar í fjárhagsáætlun. Mikil óvissa er um tekjuliði áætlunar. Gera má ráð fyrir talsverðum lækkunum á framlögum Jöfnunarsjóðs og alls óvíst er með greiðslu á aukaframlagi sjóðsins. Eftir yfirferð var fjárhagsáætlun vísað til annarar umræðu í hreppsnefnd.

4. Fundargerðir:

a) Stjórnar BMA (Byggðasaml. um menningar- og atvinnumál í A-Hún) dags. 8. júlí 2008.

Lögð fram til kynningar.

b) Stjórnar BMA dags. 31. júlí 2008.

Lögð fram til kynningar.

c) Stjórnar BMA dags. 3. október 2008.

Lögð fram til kynningar.

d) Stjórnar BMA dags. 21. október 2008.

Lögð fram til kynningar.

e) Stjórnar Tónlistarskóla A-Hún dags. 11. nóv. 2008. Ásamt fjárhagsáætlun Tónlistarskóla A-Hún árið 2009.

Lögð fram til kynningar.

5. Bréf.

a) Frá Landgræðslu ríkisins dags. 11. nóv. 2008.

Efni: Beiðni um styrk vegna samstarsverkefnisins "Bændur græða landið"
Hreppsnefnd hafnar erindinu.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
60. fundur.

6. Önnur mál

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða:

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps leggst gegn fyrirætlunum yfirdýralæknis um að flytja riðuveikan fjárstofn úr Skagafirði til förgunar og urðunar í Húnavatnshreppi vestan Blöndu. Einnig átelur hreppsnefndin þau vinnubrögð að hafa flutt fé til urðunar í Húnavatnshreppi á síðastliðnu sumri úr Miðfjarðarhólfi. Hreppsnefndin telur að með þessu sé verið að taka óþarfa áhættu um riðusmit milli svæða og draga þar með úr líkum á að hægt sé að útrýma riðu í Húnavatnshreppi.

Sveitarstjóra var falið að koma bókuninni á framfæri við yfirdýralækni.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 16.10

Björn Magnússon

Tryggvi Jónsson

Jón Gíslason

Birgir Ingbórsson

Jóhanna E Pálmadóttir

Ólöf Birna Björnsdóttir

Gróa M. Lárusdóttir

Jens P. Jensen